



Yndislestur og munnmæli

ÍSLE3YM05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Námsáætlun vorönn 2025

Kennarar

Jón Özur Snorrason (jozur@fsu.is)

Áfangalýsing

Í áfanganum eru tvær áherslur, annars vegar á yndislestur og hins vegar munnmælasögur.

Yndislestur leggur áherslu á að nemendur lesi bókmenntir. Allir nemendur lesa eina skáldsögu sem valin er af kennara auk bóka af leslista. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni í ræðu og riti.

Munnmælasögur leggja áherslu á að fjallað sé um þjóðsögur, flökkusagnir, listina að segja sögu, munnlega geymd, almannaróm og annað sem tengja má munnmælasögum. Lögð er áhersla á einkenni munnmælasagna, trúverðugleika, uppruna og fleira í þá veru. Nemendur lesa sögur og frásagnir, safna munnmælum og vinna ýmis verkefni tengd efninu. Nemendur þjálfast í að segja sögur og beita til þess aðferðum og tækni sagnaþula.

Markmið áfangans

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru eða tekin fyrir á annan hátt
- Helstu einkennum og tegundum munnmælasagna
- Bókmenntafræðihugtökum sem tengjast munnmælasögum
- Því helsta sem þarf að hafa í huga þegar saga er sögð
- Inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru
- Helstu einkennum íslensks máls sem nýtast honum í ræðu og riti
- Orðaforða sem nægir til að lesa til gagns og ánægju

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Flytja af nokkru öryggi sögur
- Lesa sér til gagns og gamans frásagnir og umfjöllun um þær
- Nota viðeigandi hjálpargögn við frágang og framsetningu ritaðs og talaðs máls
- Greina lykilatriði og andstæð sjónarmið í mismunandi verkum
- Skilja algeng stílbrögð í tal- og ritmáli
- Að lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk og fjalla um inntak þeirra
- Nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra

- Að flytja af öryggi kynningar, endursagnir og lýsingar á bókmenntum
- Nýta sköpunargáfu við vinnslu verkefna

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Bera saman mismunandi verk
- Beita gagnrýninni hugsun í umfjöllun
- Meta áreiðanleika sagna og heimilda
- Beita skýru, lýtalausum og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- Segja sögur á áhrifaríkan hátt þannig að helstu einkenni frásagnarlistarinnar skili sér
- Túlka texta þó merking liggi ekki á yfirborðinu
- Vinna að skapandi verkum í tengslum við námsefnið
- Beita skýru og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- Taka þátt í málefnalegum umræðum
- Byggja upp skýra röksemdafærslu og komast að niðurstöðu

Námsefni:

Adolf Smári. *Auðlesin*.

Valbækur og annað efni kemur frá kennara.

Námsmat

Áfanginn er símatsáfangi og því þarf að skila ÖLLUM verkefnum áfangans.

10% *Auðlesin*

40% Valbækur

10% Þjóðsögur

20% Listin að segja sögur - LEIKHÚS

10% Flökkusögur og ýkjusögur

10% Munnleg geymd og almannarómur

Kröfur og verkefnaskil

- Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram þar, hvort sem um er að ræða fjarkennslu eða staðkennslu.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt í Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.
- Verkefni birtast í Innu og er almennt skilað rafrænt þangað. Eftir skiladag er gefið tveggja daga svigrúm til að skila verkefni. Eftir að skilaboxi er lokað er ekki hægt að skila nema lögleg forföll hafi verið tilkynnt fyrir skiladag. Nemendur með lögleg forföll verða að skila verkefni eigi síðar en viku eftir skiladag. • Nemandi sem er veikur eða með lögleg forföll á prófdegi getur tekið sjúkrapróf. Kennari ákveður sjúkraprófsdag.
- Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema þess þurfi í tengslum við verkefni. Ekki er leyft að vinna verkefnið sjálf í símanum.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Vinnuáætlun – vorönn 2025

Dags.	Viðfangsefni	
	Yndislestur	Munnmælasögur
6. - 10. jan.	Áfangi kynntur. Bókin <i>Auðlesin</i> lesin heima.	Þjóðsögur: Verkefnavinna, umræður og fleira.
13. - 17. jan		
20. - 24. jan		
27. - 31. jan	Auðlesin: verkefni, umræður og fleira	
3. - 7. feb Þrískólafundur mið 5.feb		Listin að segja sögu: Verkefnavinna, umræður og fleira.
10. - 14. feb Vorfrí fös+miðannarmat		
17. - 21. feb Vorfrí mán+þri		
24. - 28. feb		
3. - 7. mars Áfangamessa	Valbók 1: munnleg skil. Skoða vel verkefnalýsingu á Innu.	Flökkusögur og ýkjusögur: Verkefnavinna, umræður og fleira.
10. - 14. mars Valdagur		
17. - 21. mars Kátir dagar og Flóafár		
24. - 28. mars		
31.mars - 4. apríl		Munnleg geymd og almannarómur: verkefnavinna, umræður og fleira.
7. - 11. apríl		
14. - 18. apríl	PÁSKAFRÍ	
22. - 25. apríl Kennsla byrjar á þri Sumardagurinn fyrsti á fim		
28.apríl - 2.maí 1.maí á fim	Valbók 2: munnleg skil. Skoða vel verkefnalýsingu á Innu.	
5. - 9. maí		
12. - 16. maí Námsmat byrjar á mið		

Námsáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar

Með fyrirvara um breytingar, Íslenskukennarar